

talín málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði, Arnbjörn Ólafsson, á að greiða 200 kr. sekt till landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 60 daga, sé öll sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Að því málskostnað í héraði snertir, á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Ákærði greiði einnig allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svara-manns fyrir yfirdómi, cand. juris Guðmundar Sveinbjörnsson og setts málaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. aprílmánaðar.

Nr 10/1900:

Hið opinbera

gegn

Sigurði Jóhannessyni og

Hákoni Halldórssyni.

D ó m u r :

Með bréfi dags. 9. marz 1898 tilkynti sýslu-

maðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hreppstjórnum í Ytri- og Innri-Akraneshreppum, að amtmaðurinn yfir suðuramtinu hefði, með skirskotun til tilskipunar 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland og laga 17. desbr. 1875 um breyting á þeirri tilskipun, lagt bann fyrir að menn í sýslunni færu út í utanríkisskip, sem ekki væru búin að sýna skjól sín einhversstaðar hér við land í sömu fiskiferðinni hingað frá útlöndum, eða út að þeim, þannig að menn hefðu nokkur mök við skipverja, sem sé með því að leggja bátum sínum að skipunum, taka fisk og annað hjá skipverjum og færa þeim hitt og þetta úr landi. Lagði sýslumaður í bréfinu fyrir hreppstjórana, að gjöra almennungi í hreppunum kunnugt bann þetta, með því að birta bréfið í hreppunum, og það virðast þeir hafa gjört.

Í máli þessu eru nú formennirnir Sigurður Jóhannesson á Bræðraparti og Hákon Halldórsson í Lambhúsum samkvæmt skipun amtsins kærðir, hinn fyrnefndi fyrir brot gegn fyrtéðu amtsbanni og gegn tilskipun um sóttvarnir 8. febr. 1805, 39. gr. 8, sbr. 27., 28., og 29. gr., og hinn síðarnefndi fyrir sömu brot og fyrir brot gegn tilskipun 12. febr. 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl. og lög 17. desbr. 1875, um breyting á þeirri tilskipun, en með dómi lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 14. okt. f. á. voru hinir kærðu dæmdir sýknir af kæru hins opinbera í málinu, og málskostnaður lagður á almannafé.

Þessum dómi hefir amtmaðurinn yfir suður-



amtinu af hálfu hins opinbera skotið til landsyfirdómsins.

Hinum kærða Sigurði Jóhannessyni er gefið það að sök og það sannað með eigin játningu hans, að hann hafi í aprilmánuði 1898, eftir að búíð var að birta tyrnefnt amtsbann, farið út í botnvörpuveiðiskipið Richard nr. 91, sem var að veiðum utan landhelgi, og sem ekki var búíð að sýna skjöl sín hér við land, og fengið hjá skipverjum fisk fyrir eitthvað af tóbaki og vínföngum. Það er ekki upplýst í málinu, hverrar þjóðar nefnt botnvörpuskip var eða frá hvaða stað það var, en í lögregluréttardóminum virðist gengið út frá því, að það hafi verið frá Englandi.

Um kærða Hákon Halldórsson er það sannað, að hann í sama mánuði og sömuleiðis eftir birtingu amtsbannsins hafi átt samskonar viðskifti við botnvörpuskipið »Faraday« frá Hull, sem heldur ekki var búíð að sýna skjöl sín áður á neinni höfn hér við land, og fór hann út í skipið fyrst þar, sem það var við veiðar utan landhelgi, og léði þeim þá mann til að leiðbeina skipinu inn á höfn, og síðan aftur daginn eftir, er skipið var komið inn á höfn á Akranesi, en þó ekki farið að gjöra hreppstjóra aðvart um komu sína, og sótti hann þá mann sinnu aftur í skipið og fékk fisk hjá því fyrir mannlánið.

Að því leyti hinir kærðu eru sakaðir fyrir brot gegn tilsk. 8. febr. 1805, um sóttvarnir, þá er það þegar nægileg ástæða til að sýkna þá fyrir þeirri kæru, að engin auglýsing var þá í

gildi, er þeir eiga að hafa sekir orðið, frá stjórnarráðinu eða landshöfðingja um að fyrirmælum tilskipunarinnar skyldi framfylgt að því er snerti fyrnefnd skip eða önnur. Og þó að svo væri álitíð, að slíkrar auglýsingar þyrfti eigi nú orðið, þar sem einhverjar hættulegar og næmar sóttir gangi jafnadarlega eða ávalt einhversstaðar í útlöndum, þá er þess að gæta, að um afarlangan tíma hefir ekkert verið gjört af yfirvaldanna hálfu til að halda uppi gildi tilskipunarinnar, svo sem með skipun sóttvarnarnefnda, og annara umsjónarmanna eða með auglýsingum og öðrum fyrirskipunum, sem tilskipunin gjörir ráð fyrir sem nauðsynlegum grundvelli fyrirmæla sinna. Það er einnig svo fjarri því, að bann amtsins, sem mál þetta er sprottið af, hafi verið út gefið til að brýna fyrirmæli nefndrar tilskipunar frá 1805, og því geti skodast sem nauðsynleg aðvörun til manna um að gæta fyrirmæla þeirrar tilskipunar, að bannið skírskotar að eins til laganna um fiskiveiðar útlendra 12. febr. 1872 og 17. desbr. 1875, og að einmitt í því bréfi sínu, er amtmaður skipaði sýslumanni að útgefa bannið, tekur hann það fram, að sóttvarnarlög landsins »komi vitanlega eigi til greina, nema auglýsing stjórnarráðsins sé uppi um það, að þær hafnir, sem skipin koma frá, séu sýktar af þeim sjúkdómum, sem sóttvarnarlögin eiga við«; en þessi ummæli sýna ljóslega, að amtið hefir þá, þegar bannið var út gefið, eigi álitíð, að sóttvarnartilskipunin 8. febr. 1805 væri



þá í fullu gildi, eða að henni yrði framfylgt gegn mönnum í þá átt, er hér ræðir um.

Það verður þannig, hvernig sem á er litið, að sýkna hina kærðu að því leyti málið er höfðað fyrir brot gegn tilsk. 8. febr. 1805. Og með því að eigi verður heldur séð, að þeir hafi í neinu brotið gegn hinum öðrum lagafyrirmælum, er nefnd eru í málshöfðunarskipuninni, tilskipun 12. febr. 1872 um fiskveiðar útlendra við Ísland og lögum 17. desbr. 1875 um breytin gá þeirri tilskipun, en um sérstaka ábyrgð fyrir óhlýðni við bann amtsins getur eigi verið að ræða, þá verður að sýkna hina kærðu algjörlega í máli þessu, eins og undirdómarinn hefir gjört. Ákvæði lögregluréttardómsins um málskostnað samþykkjast einnig, og ber því að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Áfrýjunarkostnað málsins ber eftir þessum úrslitum að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirtáttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors, ber að greiða af almannafé.